

## Aðalfundur ÞFÍ



Sigurður R. Jónmundsson, Erin Jones, Ásdís Halla Bragadóttir, Hulda Karen Daniélsdóttir, Sigurbjörg A. Guttormsdóttir, Þorvarður Guðlaugsson, Þórður Bjarni Guðjónsson, Soffía Óskarsdóttir og Gísli Sigurðsson



Þorvarður Guðlaugsson og Erin Jones

Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga var haldinn í húsnæði utanríkisráðuneytisins þann 17. maí sl. Fundurinn var vel sóttur. Flestir fundargestanna voru í fundarsal, en nokkrir, innanlands og í Norður- Ameríku, fylgdust með fundinum í gegnum fjarfundarbúnað á netinu.

Fyrir utan hefðbundin aðalfundarstörf flutti Ásdís Halla Bragadóttir,

ráðuneytisstjóri og rithöfundur, erindi um bók sína *Læknirinn í Englaverksmiðjunni*.

Undir liðnum önnur mál á dagskrá fundarins þakkaði Hulda Karen Daniélsdóttir, formaður ÞFÍ þeim Þorvarði Guðlaugssyni og Erin Jones fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og færði þeim blómvendi. Bæði sátu í stjórn félagsins í fjölmörg ár; Þorvarður var gjaldkeri

í 13 ár, en Erin sat í stjórn í 5 ár. Ný í stjórn ÞFÍ eru þau Ásdís Halla Bragadóttir, Sigurbjörg A. Guttormsdóttir og Bjarni Þór Þórólfsson.

Kaffi og veitingar voru í boði utanríkisráðuneytisins.

## Stjórn ÞFÍ

Formaður  
Stjórnarmenn

Hulda Karen Daniélsdóttir  
Ásdís Halla Bragadóttir  
Gísli Sigurðsson  
Jón E. Gústafsson  
Sigurbjörg A. Guttormsdóttir  
Sigurður Rúnar Jónmundsson  
Soffía Óskarsdóttir

Varamenn í stjórn

Fulltrúar frá Vesturheimi

Bjarni Þór Þórólfsson  
Kristín M. Jóhannsdóttir  
Þórður Bjarni Guðjónsson  
Beverly Arason-Gaudet  
Dianne O'Konski

# Íslendingahátíðir í Norður-Ameríku



Utanríkisráðherra Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir sótti ásamt fylgdarliði hátíðir Vestur-Íslendinga sl. sumar, annars vegar í Mountain Norður-Dakóta í Bandaríkjunum og hins vegar í Gimli í Manítóba-fylki í Kanada. Hulda Karen Daníelsdóttir, formaður ÞFÍ, Hrannar Arnar Björnsson, formaður Norræna félagsins, Pála Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri Snorrasjóðs ásamt fjölmörgum öðrum Íslendingum sóttu einnig hátíðirnar. Ráðherra, formaður ÞFÍ, og verkefnastjóri Snorrasjóðs ávörpuðu allar samkomuna í Mountain, en Þórdís Kolbrún var heiðursgestur beggja hátíðanna.



# Þjóðræknisþingið

Þjóðræknisþing Þjóðræknisfélags Íslendinga var haldið sunnudaginn 21. ágúst sl. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg að vanda og veitingarnar góðar. Hefð er fyrir því að sá opinberi íslenski aðili sem heimsótti Íslendingahátíðir í Vesturheimi fyrr um sumarið, ávarpi einnig Þjóðræknisþingið. Í ár var engin undantekning gerð þar á. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ávarpaði þingið og flutti einstaklega áhrifaríka ræðu sem birt er í heild sinni hér í fréttabréfinu.

Á þinginu var Halldór Árnason, fyrrverandi formaður Þjóðræknisfélagsins, gerður að heiðursfélagi og tók hann á móti skjali því til staðfestingar. Halldór þakkaði heiðurinn sem honum var sýndur.

Sem heiðursfélagi situr Halldór í heiðursráði þFI, en tilgangur þess er að efla tengsl Íslendinga við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi. Hulda Karen Daníelsdóttir, formaður þFI, sagði þegar hún afhenti Halldóri skjalið: „Við sem þekkjum Halldór

vitum að hann er harðduglegur, ósérhlífinn og samviskusamur.... Í dag heiðrum við hann fyrir störf hans í þágu þFI og eru þau eftirfarandi: Hann var tengiliður forsætisráðuneytisins við afkomendur Vestur-Íslendinga 2003-2009, sat í stjórn Þjóðræknisfélagsins á árunum 2008-2018, þar af formaður 2011-2017. Hann var formaður stjórnar Snorrasjóðs 2010-2019 og formaður heiðursráðs þFI 2018-2021. Eiginkona Halldórs er Anna Björg Eyjólfsdóttir og átti hún stóran þátt í starfi hans fyrir þFI og Snorrasjóð.“



# Ávarp utanríkisráðherra á þingi ÞFÍ



Ráðherra á Íslendingadaginn í Gimli

Formaður Þjóðræknifélags Íslendinga,  
Ambassador Menzies, Chargé d'Affaires  
Yerkin

Aðrir góðir gestir.

Ég þakka fyrir þann heiður að fá að ávarpa  
þjóðræknisþing hér í dag. Dagskráin er  
metnaðarfull og áhugaverð.

Mig langar líka til þess að tjá sérstaklega  
þakklæti mitt til allra þeirra sem standa  
að þessum viðburði, sem hafa gefið af tíma  
sínnum til þess að sinna þeirri merkilegu  
arfleifð sem við erum saman komin til að  
rækta í dag. Í þessu starfi eru fólgin mikil  
verðmæti fyrir Ísland og það er langt frá því  
sjálfgefið að þeim sé sinnt af þeirri natni  
og metnaði sem raunin er.

Takk.

Ég veit að þið eigið eftir að njóta  
áhugaverðrar og gefandi samveru hér í dag.

Sjálf naut ég þeirrar miklu ánægju að vera  
gestur á Íslendingahátíð í bænum Mountain  
í Norður-Dakóta og Íslendingadeginum  
í Gimli í Manítóba nú um mánaðamótin.  
Rétt eins og aðrir sem hafa notið þess

heiðurs að vera boðið að taka þátt  
í þessum viðburðum kom ég heim djúpt  
snortin, einmitt af þeirri ræktarsemi sem  
afkomendur íslenskra vesturfara sýna  
uppruna sínum og gamla landinu,  
og dugnaði Íslendinga sem styðja af alúð  
og ástríðu við það starf sem er unnið vestra.  
Eftir þessa ferð mína skil ég vel að margir fá  
svo ákafan og einlægan áhuga á hinni merku  
sögu sem tengir saman Ísland og Ameríku.

Sú saga hófst auðvitað með Leifi Eiríkssyni,  
sem sumar ágætar frændþjóðir okkar vilja oft  
eigna sér hlutdeild í - og svo hafa Íslendingar  
gert umdeildar tilraunir til þess að tengja  
ferðir Kólumbusar við Ísland, og þar með  
höfum við gert - kannski fremur langsóttá -  
tilraun til að eiga okkur hlutdeild í ævintýra-  
manninum frá Genóa.

Í þeim efnum er ómögulegt að vita nákvæm-  
lega sannleikann. Allir vildu Lilju kveðið hafa  
- og allir vildu Ameríku fundið hafa.

Bæði áhugafólk og fræðifólk tekst á um slíkar  
kenningar og eins og oft er þá hafa  
akademískar deilur tilhneingingu til þess  
að vera ástríðufyllri eftir því sem niðurstaðan  
skiptir minna máli. En burtséð frá nákvæmni  
sögulegra heimilda, þá gildir um Leif Eiríks-  
son í kringum árið þúsund, Kólumbus á  
fimmtánda öld og Íslendingana sem fóru  
yfir hafið til Ameríku áratuginna í kringum  
aldamótin 1900 - allt var þetta fólk sem  
lagði út í mikla óvissu.

Það má kalla það ævintýri - en það orð nær  
á okkar tímum oftast yfir eitthvað ánægju-  
legt og áhættulaust. En ævintýri venjulegs  
fólks fyrr á tímum gátu allt eins endað illa  
eins og vel.

Íslendingarnir sem lögðu út í óvissuna  
á skipum frá Íslandi til þess að eiga mögu-  
leika á betra lífi í fjarlægum heimi. Það  
krafðist bæði framtakssemi og hugrekki.  
Þið sem hér eruð þekkið vitaskuld þessa sögu  
mun betur en ég - og ekki þykist ég ætla  
að setja mig í hlutverk kennarans. Engu að  
síður er þetta einmitt það sem ég leiddi oft  
hugann sérstaklega að þegar ég ferðaðist  
um Íslendingaslóðir fyrir skemmstu.

Ég hugsaði um þessa óvissu, þessa hættu  
og söknuðinn eftir því sem skilið var eftir.  
Ég hugsaði um hversu stór þessi ákvörðun  
hefur verið fyrir fólk á sínum tíma, hversu  
mikið fólk var tilbúið að leggja á sig til þess  
að reyna að öðlast betra líf.

Jafnvel enn þann dag í dag er það býsna mikil fyrirhöfn að ferðast frá Íslandi vestur um haf og inn á sléttur Norður Ameríku - og þó er það brotabrot af því sem var.

Og varla er hægt að hugsa sér ólíkari aðstæður en hér og í þessum nýju heimkynnum. Fólk flutti úr djúpum dölum og löngum fjörðum, hvort tveggja vafið háum fjöllum, og inn á endalaus landslagslauslausa sléttu. Í þessum nýju heimkynnum voru engir fossar, engin gljúfur, ekkert berjalyng á haustin og engar grasi grónar brekkur til þess að hlaupa glannalega niður á vorin.

Ég skil vel þann söknuð sem er lýst í bréfum og frásögnum - og að það hafi jafnvel verið talað um heimþrá sem lamandi sjúkdóm. En svæðin eiga það þó sameiginleg að geta verið hálfgerð veðravíti, þótt birtingarmyndir þess geti heldur varla verið ólíkari.

Með þetta í huga hugsaði ég, eins og fleiri hafa vafalaust gert.

Hvers konar fólk var það sem reif sig sjálft upp með rótum og fór vestur um haf?

Það hlustar ekki nokkur manneskja lengur á niðurrifstalið og skömmina sem reynt var að beita til þess að halda fólki heima í vonlitlum aðstæðum. Það blasir auðvitað við að þetta var sérdeilis hugað, ákveðið og duglegt fólk.

Og varla er hægt að klína því á vesturfarana að þá hafi skort ættjarðarást. Það sjáum við mætavel á því þegar við förum á Íslendingadaginn í Gimli og heyrum orðin „elskan mín,“ „amma“ og „vínarterta“ hrjóta af vörum fólks sem rígheldur í arfinn þrátt fyrir að margar kynslóðir hafi fæðst og alist upp fjarri Íslandi.

Og líklega er ég ekki fyrsti gesturinn sem leiðir svo hugann að tvennu í kjölfarið.

Annars vegar því hversu mikil verðmæti felist í því fyrir íslenskt samfélag að eiga hlýhug og tryggð meðal tuga þúsunda frændsystkina okkar í annarri heimsálfu.

Hins vegar hvernig framlag innflytjenda til Íslands er metið. Núna er Ísland land sem er svo öfundsvert að lífskjörum að margir kjósa að rífa sig upp, skilja áttihaga sína eftir og hefja nýtt líf hér. Þeir sakna örugglega margs frá sínum heimahögum, en koma samt.

Verðum við ekki að gera ráð fyrir því, og skilja, að fólkið sem kemur hingað í leit að betra lífi og betri kjörum sé líklegt til að vera hugað, ákveðið og duglegt. Og við

sem hér erum fyrir njótum góðs af því.

Í Vesturheimi er borðuð vínarterta, kleinur og rúllupylsa. Og hér á Íslandi lærum við að borða falafel og shawarma af fólki sem hefur flutt hingað frá Miðausturlöndum; við kynnumst margvíslegum mat frá Austurlöndum fjær í gegnum framtaksfólk sem flutt hefur þaðan, og hér verður framþróun í pylsu- og ostagerð samhliða fjölgun fólks sem sest hér að frá Póllandi og öðrum löndum Austur-Evrópu. Svona mætti lengi telja.

Ágætu gestir á þjóðræknisþingi.

Ég tel að falleg ræktarsemi við okkar eigin þjóðlegu arfleifð geti verið til þess fallin að auka skilning okkar á mikilvægi þess fyrir Íslendinga af erlendum uppruna að halda tryggð við sína eigin. Við Íslendingar eigum að vera dugleg við að taka þátt í slíku starfi innflytjendasamfélaga hér á landi.

Og varla þarf að orðlengja um mikilvægi þess fyrir okkur sjálf að rækta þessi verðmætu tengsl vestur um haf. Og þau verða líka að þroskast og endurnýjast.

Ég fagna sérstaklega þeirri áherslu sem er á að efla tengsl milli ungs fólks, meðal annars gegnum Snorra prógrammið.

Tengsl Íslands við Vesturheim byggist vitaskuld á sögu og djúpum rótum fortíðar - en tilgangur sterkra róta er að næra nýjan vöxt.

Ykkur öllum sem hér eruð þakka ég af einlægni fyrir ómetanlegt starf og ég þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að kynna því af eigin raun nú í sumar.

Megi þetta góða starf halda áfram að vera jákvæð myndbirting jákvæðrar og auðmjúkrar ræktarsemi við íslenska þjóðararfinn.

Kærar þakkir.

# Snorrasjóður

Í sumar sem leið tóku 22 ungmenni frá Norður-Ameríku þátt í Snorraverkefninu. Þau dvöldu hér á landi frá 12. júní til 15. júlí. Einnig kom til landsins 13 manna hópur þátttakenda í Snorri Plús verkefninu sem eru þrjátíu ára og eldri. Þau dvöldu hér dagana 8.- 22. ágúst. Þátttakendur í Snorri Alumni Internship verkefninu voru tveir og komu til landsins í byrjun júní og dvöldu á Hófsósi þar til í lok júlí. Einnig héldu tvö íslensk ungmenni utan til Norður-Ameríku að taka þátt í Snorri West verkefninu.

Þjóðræknisfélag Íslendinga ásamt Norræna félaginu buðu ungu Snorrunum upp á léttan kvöldverð í lok júní í húsi Norræna félagsins á Óðinsgötu, en bæði félögin hafa stutt við

Snorraverkefnin á einn eða annan hátt um árabíl. Kvöldið fyrir brottför ungu Snorranna, bauð sendiherra Kanada á Íslandi, Jeannette Menzies, þeim til veislu þar sem hver og einn þátttakandi flutti erindi um dvöl sína á landinu. Erindin voru frábær og allir þátttakendurnir sögðust hafa notið dvalarinnar og flest nefndu hve góð tengsl hefðu myndast á milli þeirra sjálfra, tengsl sem þau vildu rækta enn frekar á komandi árum.

Nánari upplýsingar um Snorrasjóð og Snorraverkefnin er að finna á heimasíðu sjóðsins, <http://www.snorri.is> og á samfélagsmiðlum undir nafninu @thesnorriprogram.

